


## Fyrir hverja

Ríkissafn langt er fyrir þá sem vilja fjárfesta eingöngu í ríkisskuldabréfum, þola sveiflur í ávöxtun og hyggjast ekki ganga á inneign sína á næstu 12 mánuðum.



\* Nánar, sjá baksíðu.

## Upplýsingar

Stofndagur: 13.mars 2009  
Fjöldi sjóðfélaga: 130  
Heildarstærð m.kr: 1.078

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er 0,35% af meðaleignum.

## Kennitölur

Meðaltími safns: 8,8 ár  
Meðaltími skuldabréfa: 9,8 ár  
Verðtryggingarhlutfall: 84%

## Fjárfestingarstefna

	Stefna	Lágmark	Hámarg
Innlán, laust fé			30%
Ríkisskuldabréf	100%	70%	100%
Meðaltími	10 ár		

Sjóðstjórar skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

## Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn  
Borgartúni 25, 105 Reykjavík  
Sími 510-2500  
Fax 510-2550  
[almenni@almenni.is](mailto:almenni@almenni.is)  
[www.almenni.is](http://www.almenni.is)

## Um safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta sparnað sinn í safni sem fjárfestir í löngum ríkisskuldabréfum. Safnið getur einnig fjárfest í innlánum banka. Safnið fjárfestir að stærstum hluta í skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði og er áætlaður meðaltími bréfanna 8 – 12 ár. Skuldabréfin eru að mestu leyti verðtryggð.

Skuldaraáhætta í safninu er í lágmarki þar sem fjárfest er í skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Sveiflur í ávöxtun safnsins geta verið töluverðar þar sem meðaltími skuldabréfaeignar safnsins er langur.

## Orðsending sjóðstjóra

Ríkissafn langt lækkaði í júlí um 0,2% en hefur hækkað um 7,0% á árinu. Lækkandi vaxtaumhverfi og skortur á fjárfestingakostum eru helstu áhrifavaldar á þróun safnsins frá áramótum.

Ávöxtunarkrafa á ríkistryggðum skuldabréfum hefur lækkað hratt á fyrri hluta ársins. Kröfulækkunin er einkum drifin áfram af aukinni eftirspurn eftir ríkisskuldabréfum vegna lækkandi vaxta en einnig vegna þess að framboð hefur reynst minna en væntingar voru um. Þrátt fyrir minnkandi verðbólguvæntingar hefur ávöxtunarkrafa verðtryggðra bréfa lækkað frá áramótum og er nú um 3,4%.

Vegna gjaldeyrishafta og skorts á innlendum fjárfestingakostum er líklegt að ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf verði áfram lág á komandi mánuðum. Reiknað er með að stýrivextir lækki enn frekar frá því sem nú er. Vaxtabreytingar og framboð fjárfestingakosta munu hafa hvað mest áhrif á ávöxtunarkröfuna til skamms tíma.

## Eignasamsetning


Stærstu eignaflokkar	Eign
Íbúðabréf	72,3%
Óverðtryggð ríkisskuldabréf	4,4%
Önnur ríkisskuldabréf	12,0%
Innlán	11,3%
	100,0%

## Ávöxtun, %


	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Sl. 3 mán.	3,4	3,1
Sl. 1 ár	18,7	12,4
Frá áramótum	7,0	4,6

## Verðbréfaflokkar

Flokkur	Vægi
Íbúðabréf - HFF150644	26,3%
Íbúðabréf - HFF150434	26,1%
Íbúðabréf - HFF150224	18,2%
Íbúðabréf - HFF150914	1,7%
Ríkisbréf - RIKB 250612	1,9%
Ríkisbréf - RIKB 190226	2,0%
Ríkisbréf - RIKB 130517	0,3%
Ríkisbréf - RIKB 110722	0,2%
Ríkisbréf - RIKS 210414	10,7%
Húsnæðisbréf	0,3%
Húsbréf	1,1%
Innlán	11,3%



## Gengisþróun sl. 1 ár



## Almennar upplýsingar

**Almenni lífeyrissjóðurinn** er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

## Séreignarsjóður

**Ríkissafn langt** er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki og verður sannanlega fyrir tekjumissi getur hann tekið inneign sína út.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.

## Um skuldara- og markaðsáættu

**Skuldaraáættu:** Skuldaraáættu er sú áættu að útgefandi skuldabréfs geti ekki uppfyllt skyldur sínar um afborganir / endurgreiðslur skuldabréfa á gjalddaga. Skuldaraáættu er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáættu er mjög lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáættu er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða.

**Markaðsáættu:** Megin markaðsáættu er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðslufæði allra skuldabréfa sjóðsins.